

Ed.

151. Nefndarátt

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefnd sú, er Ed. kaus til þess að athuga frv. það, er að ofan getur, hefir ekki getað orðið sammála um niðurstöður í málinu. Mun meiri hl. leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en við undirritaðir nefndarmenn getum ekki fallist á það, að frv. verði samþykkt, nema þá með allmiklum breytingum, sem við með þessu álitum viljum gera nokkra grein fyrir.

Breytingar þær, er frv. fer fram á að gerðar verði á stjórnarskránni, eru aðallega í 1. og 4. gr. frv. Hinar aðrar breytingar, er felast í frv., eru flestar ýmist leiðrjettingar eða afleiðingar af 1. og 4. gr.

Minni hl. fellst á breytingu þá, er 1. gr. frv. fer fram á, um að reglulegt Alþingi verði háð annaðhvert ár. Þó telur hann síðustu málsgrein ekki vel við eigandi.

2. gr. er afleiðing af 1. gr. og verður henni að fylgja.

3. gr. er leiðrjetting, sem rjett er að taka upp, ef nokkur breyting verður samþykkt.

4. gr. er allyfirgripsmikil, þótt stutt sje. Felur hún í sjer tvær mikilvægar breytingar, sem eru lenging kjörtímabils allra kjördæmakosinna þingmanna og alger breyting á skipun hinna 6 landskjörnu þingmanna.

Minni hl. getur ekki fallist á lenging kjörtíma hinna kjördæmakosnu þingmanna úr 4 árum í 6 ár. Lítur minni hl. svo á, að með þessu ákvæði sje ihlutunarrjettur kjósenda um stjórnsmál skertur alltilfinnanlega og stórt spor stigið aftur á bak, er bendi til þess, að hjer sje á ferð fullkomin stefnubreyting um stjórnskipulag ríkisins, er miði að því að draga valdið úr höndum kjósenda og veita Alþingi og landsstjórn meiri einræðisrjett yfir málum þjóðarinnar en verið hefir, og má jafnvel ætla, að þetta sje fyrsta sporið, fleiri eigi að koma á eftir. Slíkri breytingu er minni hl. nefndarinnar algerlega mótfallinn, enda er ekki kunnugt, að breyting þessi eigi nokkurt fylgi hjá þjóðinni. Má því ætla, að hún leiði aðeins til þess eins að hindra, að sú eina breyting á stjórnarskránni, er nokkur hluti þjóðarinnar hefir óskað eftir, — fjárlagaþing annaðhvert ár — næði fram að ganga.

Breytingu þeirri, er felst í 4. gr. frv. um það, að landskjörnir þingmenn skuli kosnir til 6 ára allir í einu, og að þeir skuli einnig háðir þingrofi, er minni hl. einnig algerlega mótfallinn. Lítur hann svo á, að með þessari breytingu sje hinu upphaflega hlutverki hinna landskjörnu þingmanna, sem óneitanlega virðist hafa verið það að vera kjölfesta Alþingis, kastað fyrir borð, og þeir eigi að mestu að verða háðir hinum pólitisku sveiflum sem hinir kjördæmakosnu þingmenn. Virðist þá komið nærri því að athuga, hvort ekki væri þá eins rjett að afnema landskjörið og þar með að fækka þingmönnum um 6. Það væri óneitanlega spor til sparnaðar. En þar sem stjórnarskrárbreyting var á Alþingi 1924

feld í Ed., eftir að inn í hana var komið ákvæði um niðurlagningu landskjörinna þingmanna, þá telur minni hl. vist, að slík breytingartillaga yrði frv. nú að falli þótt hún annars kynni að vera nær sanni heldur en sú breyting, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um skipun hinna landskjörnu þingmanna.

Að því er kemur til breytingar þeirrar, er 5. gr. frv. ræðir um, þá er minni hl. ekki mótfallinn henni að því er snertir varamenn hinna landskjörnu þingmanna, en þar sem ákvæðum greinarinnar er einnig ætlað að ná til þingmanna Reykjavíkur, þá getur hann ekki aðhyllst frvgr. eins og hún er. Lítur minni hl. svo á, að Reykjavík eigi í þeim efnum að hlíta sömu reglum og önnur kjördæmi landsins, þótt kosningaaðferð sje þar önnur.

Þar sem minni hl. telur, að samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar megí ákveða í kosningalögum, á hvern hátt og í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, þá álitur hann, að greinarinnar sje ekki þörf.

Það verður því niðurstaða minni hl., að þá einu breytingu eigi að gera á stjórnarskránni, að fjárlagaþing sjeu háð aðeins annaðhvert ár. Það er sú eina breyting, er aðalflokkar þingsins hafa altaf verið sammála um í þau þrjú skifti, er stjórnarskrárbreyting hefir komið fram á undanfórnum þingum, og sú eina breyting, sem nokkur hluti þjóðarinnar virðist óska eftir.

Minni hluti stjórnarskrárnefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. Greinin falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 9. mars 1927.

Jónas Jónsson.

Ingvar Pálmason,
frsm. minni hl.